

Fundur 13.10.2025 Jóhanna af Örk.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

*Góða kvöldið.*

Ævinlega hefur það verið mér fagnaðarefni að tala við ykkur sem eruð fólk á gömlu jörðinni okkar, sem ég fór frá.

Og hafa verið margir miðlarnir hjá ykkur og ævinlega jafn ánægjulegt að koma í sambandið, en er það misjafnt hversu vel gengur að koma orðunum í gegn, og hversu löng þau sambönd verða.

En hér tala ég frá stjörnusambandsstöð og þjóð mín hefur um langt skeið starfrækt þessar stjörnusambandsstöðvar og sinnt þessu starfi af alúð, en kannski er það vegna þess að ég er komin á framfara brautina og búin að víkja frá helstefnu brautinni.

Því vissulega er það enn svo að það eru til hnettir þar sem þjóðtunga okkar er töluð, þar sem mál þessi eru bönnuð, og þjóðfélagsástandið er ekki nógu gott af ýmsum ástæðum og má þar bæði nefna pólitískar ástæður og trúarlegar ástæður af ýmsu af ýmsu tæi.

En finnst mér það ánægjulegt að þjóðtunga okkar hljómi um himingeiminn og sé þýdd á aðrar þjóttungur jafnóðum, og hugsunin nái fram að ganga og eru þjóðir okkar vissulega skyldar langt fram í ættum og tengjast komu Guðanna og Gyðjanna til jarðarinnar fyrir langa löngu.

Hef ég vissulega oft komið í sambandið hjá gömlum miðlum ykkar félags á framlífs jörð þeirra og hef ég fagnað þeirra sambandi og hjálpað til við að fá samband við Gyðjurnar sem margir þeirra eru mjög áhugasamir um.

Snemma var það í mínu lífshlaupi á framlífs jörð að ég lenti í ógöngum og lét mér skiljast að þjóðfélag okkar var ekki á réttri braut í framlífi og lenti ég þar enn þá meira upp á kant við þjóðfélagið og hlaut ég svipuð örlög og í frumlífi mínu, en munurinn var sá að ég hafði heyrt sannleikann um framlífið að nokkru leiti.

Og var farinn að taka upp forna trú á Guði og Gyðjur, þannig að ég fékk annað framlíf, annað og betra framlíf þar á eftir og fór þá allt að stefna upp á við, og hefur það stefnt upp á við síðan.

Og þakka ég því mjög fyrir að ég tók þessum breytingum og skipti um skoðun, fór að umfaðma vísindi og heiðin trúarbrögð, og hefur það verið einstaklega ánægjulegt að við erum aflögufær núna sem mannkyn, og getum við hjálpað öðrum og getum sent bæði orku og ráð.

Og hefur það einnig verið einstaklega ánægjulegt að fylgjast með börnum mínum vaxa úr grasi og afkomendum þeirra.

Og á síðustu tveimur framlífs hnöttum, að þessum meðtöldum, höfum við fengið líkamninga og er það enn þá ánægjulegra.

Get ég nú ekki mikið talað að sinni í viðbót, en ætla ég að reyna að segja á mér deili, og vil ég nú segja að margt var gott við kirkjuna sem ég tilheyrði áður, en hægt var að kynnast meiri framförum, frönsk kona Jóhanna af Örk.

*Já já, vertu velkomin.*

Já, takk fyrir.

*Þannig að þú varst brennd á fyrstu framlífs jörðinni ?*

Já, ég vona að þið finnið orkuna og þakka ég fyrir mig og vona að ég komist síðar, verið þið sæl.

*Vertu blessuð og þakka þér fyrir komuna.*